

Umsókn um styrk til Kópavogsbær 2022

Efni: umsókn um styrk fyrir Samveru og súpu sem er verkefni í samvinnu við Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu og ÖBÍ.

Upphæð: 50,000 krónur

Greinargerð:

Samvera og súpa er verkefni sem hófst árið 2005.

Þetta er í samvinnuverkefni Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og Öryrkjabandalagsins, þar sem öryrkjar geta komið og fengið súpu, brauð og kaffi og notið samveru hvert við annað og er þetta mikilvægt til að rjúfa einangrun öryrkja sem hafa lítið fjárhag, en eiga samt samastað hjá okkur á hverjum þriðjudegi. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu lætur okkur í té húsnaði og aðstöðu fyrir þetta verkefni.

Síðast ár hefur stóraukist hjá okkur og má segja að stundum sé tvísetið, þetta er stundum það eina sem okkar skjólstæðingar sækja, og er tekið í þróna, lesið blöðin eða bara létt spjall. Þessi mikla aukning sem sækja Samveru og súpu sínir að við erum að gera góða hlutu og erum við mjög ánægð með það 😊

Þetta er allt unnið af sjálfboðaliðum og er þeirra starf ómetanlegt. Þar sem við höfum ekki fastar tekjur leitum við til ykkar um styrk.

Einnig hefur bakarí gefið okkur allt brauð til að nota í samveru og súpu. En samt þótt kostnaður sé haldið alveg í lágmarki, þurfum við nauðsynlega að fá styrk til að standa straum að Samveru og súpu.

Með minni bestu kveðju og von um góð viðbrögð

fh. Samveru og súpu

Ólína Ólafsdóttir
Umsjónaraðili